



20. stjórnarfundur LH

13.nóvember 2017 kl.16:00 í Íþróttamiðstöðinni, Laugardal

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson, Jóna Dís Bragadóttir, Helga B. Helgadóttir, Ólafur Þórisson, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson úr aðalstjórn. Sóley Margeirsdóttir Magnús Benediktsson og Stefán G. Ármannsson úr varastjórn

Fjarverandi: Eyþór Gíslason úr aðalstjórn, Ingimar Ingimarsson, Sigurjón Rúnar Bragason úr varastjórn

1. Samþykktir fundargerða

Fundargerðir 18. og 19.fundar samþykktar.

2. Myndefni frá Bergvík

Drög að samningi um kaup á myndefni Bergvíkur frá Landsmótunum 1954, 1958, 1966, 1972, 1978, 1982, 1986 liggur fyrir og er kaupverðið er 1.400.000 kr. Málinu frestað og samþykkt að MB og LÁH fari á fund í Bergvík og skoði málið nánar.

3. Vefur LH – tilboð frá Stefnu

Fyrir lá tilboð frá vefhýsingarfyrirtækinu Stefnu um nýjan vef LH, þ.e. uppfærsla sem miðar að því að gera vefinn snjalltækjavænan og er hann unninn eftir tilbúnu sniðmáti frá Stefnu. Tilboðið hljóðar upp á 589.400 kr án vsk. Fundurinn samþykkti einróma.

4. Mál með tunguboga

Sportnefnd FEIF leggur til að aflétta banni á málum með tunguboga og vogarafli. Góðar umræður í stjórn um málið á þá leið að engin ástæða sé til þess að aflétta banninu, þar sem engar rannsóknir styðji þá ákvörðun. Hins vegar séu til rannsóknir sem sýna fram á áverka í munni hrossa vegna notkunar slíkra méla. LH sendi inn tillögu á FEIF þing í febrúar, þar sem afléttingu á banninu er mótmælt og FEIF hvatt til að hafa hagsmuni hestsins í fyrirrími.

5. Lög og reglur – afskráningar og met

Senda beiðni til keppnisnefndar og laganefndar um að skoða hvernig hægt sé að skerpa á reglum um vinnureglur mótshaldara, afskráningar og reglur varðandi staðfestingu meta. Senda fyrirspurn á tölvunefnd um hvernig/hvort afskráningar geti farið beint inní nýjan Sportfeng. Einnig að fá mannvirkjanefnd til að fjalla um löglega velli, löggiltan mælingamann og úttekt á völlum.

6. Vinnuhelgi 12.-14.janúar

HB fékk tilboð frá Hótel Örk í gistingu og mat. Gengið að því og búið er að panta fyrir hópinn.

7. Formannafundur – yfirferð

LÁH: fólki fannst kostur að það hafi náðst að stytta fundinn. Mörgum fannst of mörg erindi. Þetta er í samræmi við upplifun stjórnarmanna.

Punktur frá vinnuhópum verða tilbúnir og unnið með þá á vinnuhelginni í janúar.



8. FEIF ráðstefna

Panta flug og hótél fyrir LH. Listi yfir þátttakendur frá Íslandi er að finna í fundargerð 19. fundar.

9. Málþing um reiðvegamáli

Stofnaður var vinnuhópur sem er að fara að hittast í vikunni. Hann mun vera nefndinni innan handar við að sækja um styrki og fleira. Ályktun frá málþinginu mun verða send á nýjan samgönguráðherra innan skamms.

10. Afrekshópur LH

Hópurinn kláraði tímabilið um síðustu helgi. Verið er að skoða skipulagið í kringum hópinn, og stefnan er að fínþússa ýmsa þætti þar. Starfið var gott í vetur og margir hæfir kennarar komu að kennslunni. Einhverjir munu detta út úr hópnum um áramót sökum aldurs og auglýsa þarf eftir nýjum þátttakendum í desember. Páll Bragi mun halda áfram með hópinn næsta tímabil.

11. Uppskeruhátíð

Frestað til næsta fundar.

12. Önnur mál

a. Bréf frá valnefnd um knapaval

- i. Rætt um fund stjórnar á formannafundinum 27.11.2017.
- ii. LÁH kveðst ánægður með niðurstöðuna sem fékkst á formannafundinum.
- iii. JDB harmar það hvernig þetta mál fór þennan dag á formannafundi. Hún lýsir yfir vonbrigðum sínum yfir vinnubrögðum fundarstjóra, að Skapti skuli hafa fengið að tala um þetta mál undir liðnum „reikningar og skýrsla stjórnar.“
- iv. HBH tekur undir með Jónu Dís. Hún upplifir atburðarrásina sem hótun.
- v. SM tekur í sama streng og er ósátt við vinnubrögðin.
- vi. HB og AMP taka í sama streng.
- vii. AMP leggur til að bréfinu frá valnefnd verði svarað ítarlega og vel og að auki verði nefndin beðin afsökunar.
- viii. LÁH segir að miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir og umsögn lögmanns, hafi sú lausn sem stjórn kom með á formannafundinum verið henni til sóma og það réttasta í stöðunni.

b. Bréf frá stjórn

Fari bréf í nafni stjórnar, þurfa stjórnarmenn að sjá það og samþykkja áður en það er sent út.

c. Valnefnd

Gera þarf nákvæmari ramma fyrir valnefnd til að vinna eftir, bæta greinargerðina til hins betra svo auðveldara verði að vinna eftir henni. HKG gerir drög að breytingum þessum og sendir á stjórn.

d. Nýr formaður landsliðsnefndar

Þar sem Pjetur N. Pjetursson hefur látið af störfum sem formaður landsliðsnefndar,



samþykkir stjórn að Kristinn Skúlason taki við formennskunni. Benedikt Benediktsson og Þórir Örn Grétarsson hafa einnig ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfs í landsliðsnefnd.

e. **Verkefnalisti**

Liður nr. 2 á hverjum fundi verði verkefnalisti stjórnar. Eftir hvern fund verður verkefnalisti sendur á stjórn. Yfirferð yfir verkefnin verður svo liður nr. 2 á fundinum á eftir.

*Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið um 20:40.
Fundargerð ritaði: Hilda Karen Garðarsdóttir.*